

Náttúrustofa Austurlands

Ársreikningur

2022

Náttúrustofa Austurlands
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
kt: 461094-2529

Náttúrustofa Austurlands

Ársreikningur

2022

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda Náttúrustofu Austurlands.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstaðir, 13. apríl 2023

Deloitte ehf.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af Sigurði Álfgeir Sigurðarsyni endurskoðanda.

Skýrsla stjórnar

Náttúrustofa Austurlands hefur starfað frá árinu 1995. Stofan vinnur að náttúruvísindum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands og annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Starfsemin grundvallast á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum. Um starfsemina gilda einnig önnur lög og reglugerðir, sjá nánar á heimasíðu stofunnar, www.na.is.

Hlutverk Náttúrustofunnar skv. lögum er m.a.:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er rekin á grundvelli rekstrarsamnings Umlhverfis- og auðlindaráðuneytisins við sveitarfélögin Fjarðabyggð og Múlaþing. Samið er til fimm ára í senn og gildir núverandi samningur til ársloka 2023. Báðir samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningstímanum og er hann uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Aðalsstarfsstöð Náttúrustofu Austurlands er í Múlanum Samvinnuhúsi, miðstöð nýsköpunar í Neskaupstað og útibú er í Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Þessir skrifstofuklasar skapa fjölbreyttar rannsókn-, þekkingar- og fræðslumiðstöðvar, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Stjórn Náttúrustofu Austurlands er skipuð af rekstrarsveitarfélögum Fjarðabyggð og Múlaþingi. Í kjölfar sveitastjórnarkostninga vorið 2022 urðu þær breytingar á stjórn að Gunnar Jónsson fulltrúi Múlaþings gekk úr stjórn og í hans stað kom Stefán Bogi Sveinsson. Áfram eru í stjórn þau Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður og sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna og Gunnar Ólafsson ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar. Á starfsárinu 2022 voru haldnir 4 stjórnarfundir: tveir í apríl, einn í september og einn í desember.

Starfsárið var nokkuð hefðbundið og einkenndist af annríki, fjölbreyttum verkefnum og mikilli útvinnu. Hreindýrarannsóknir, rannsóknir á gróðri, fuglum og smádýralíf í sjó voru fyrirferðamikill sem og úttekt á lykilkáttum íslenskrar náttúru á náttúruverndarsvæðum.

Á árinu fjölgaði fastráðnum starfsmönnum úr níu í tíu. Fjöldi ársverka hjá Náttúrustofu Austurlands var 8,6.

Afkoma ársins 2022 af rekstri Náttúrustofunnar var neikvæð um kr. 13.258.893 og var sú upphæð færð á eigin fé Náttúrustofunnar. Í árslok 2022 námu eignir Náttúrustofunnar kr. 141.006.602 bókfært eigið fé var kr 107.758.905 og eiginfjárlutfall 76%.

Stjórn stofunnar leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands staðfesta hér með ársreikning Náttúrustofunnar fyrir árið 2022. Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og forstöðumanni.

Neskaupstað, 13. apríl 2023

Í stjórn:

Líneik Anna Sævarsdóttir
stjórnarformaður

Stefán Bogi Sveinsson

Gunnar Sveinbjörn Ólafsson

Forstöðurmaður:

Kristín Ágústsdóttir

Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og forstöðumanni.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur		136.157.842	158.820.199
Laun og tengd gjöld		(116.794.426)	(98.338.130)
Ferða- og dvalarkostnaður		(7.256.567)	(3.619.067)
Húsnæðiskostnaður		(6.324.302)	(6.177.842)
Önnur rekstrargjöld		(17.835.196)	(17.199.098)
Afskriftir	6	(1.926.544)	(1.254.266)
(Rekstrartap) , rekstrarhagnaður		(13.979.193)	32.231.796
Fjármunatekjur	4	1.222.032	46.782
Fjármagnsgjöld	5	(501.732)	(125.632)
Tap ársins		(13.258.893)	32.152.946

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Húsgögn, tölvubúnaður og fleira	6	2.935.067	3.313.654
		<u>2.935.067</u>	<u>3.313.654</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	58.010.415	78.461.234
Fjárfestingaverðbréf	7	225.000	225.000
Aðrar skammtímakröfur	8	0	780.346
Handbært fé	8	79.836.120	67.220.675
		<u>138.071.535</u>	<u>146.687.255</u>
Eignir		<u>141.006.602</u>	<u>150.000.909</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	9	15.091.873	15.091.873
Óráðstafað eigið fé	9	92.667.032	105.925.925
Eigið fé		<u>107.758.905</u>	<u>121.017.798</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir	10	33.247.697	28.983.111
Skuldir		<u>33.247.697</u>	<u>28.983.111</u>
Eigið fé og skuldir		<u>141.006.602</u>	<u>150.000.909</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		(13.258.893)	32.152.946
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		1.926.544	1.254.266
Veltufé frá rekstri		(11.332.349)	33.407.212
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)		21.231.165	(39.925.306)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar (lækkun), hækkun		4.264.586	(1.065.953)
Handbært fé frá rekstri		14.163.402	(7.584.047)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.547.957)	(2.299.845)
		(1.547.957)	(2.299.845)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		12.615.445	(9.883.892)
Handbært fé í upphafi árs		67.220.675	77.104.567
Handbært fé í lok árs		79.836.120	67.220.675

Skýringar

1. Starfsemi

Náttúrustofa Austurlands vinnur að náttúrurannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands og annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Starfsemin grundvallast á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum. Um starfsemina gilda einnig önnur lög og reglugerðir, sjá nánar á heimasíðu stofunnar, www.na.is.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Tekjur af útseldri þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Útseld þjónusta er skráð þegar þjónusta hefur verið veitt og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Útseld þjónusta er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við áætlaðan nýtingartíma. Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna telst stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum. Afskriftir af eignum keyptum á árinu eru reiknaðar miðað við ársafskrift, en ekki eru reiknaðar afskriftir af eignum seldum á árinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun	93.328.215	78.747.196
Mótframlag lífeyrissjóðs	13.121.879	10.852.547
Önnur launatengd gjöld	8.781.661	7.093.684
	<u>115.231.755</u>	<u>96.693.427</u>
Annar starfsmannakostnaður	1.562.671	1.644.703
	<u>116.794.426</u>	<u>98.338.130</u>
Meðalfjöldi starfa	8,6	8,3

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur af bankareikningum	1.222.032	46.782
	<u>1.222.032</u>	<u>46.782</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2022	2021
Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld	(501.732)	(125.632)
	<u>(501.732)</u>	<u>(125.632)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	17.195.829	17.195.829
Eignfært á árinu	<u>1.547.957</u>	<u>1.547.957</u>
Staða í árslok	<u>18.743.786</u>	<u>18.743.786</u>
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	13.882.175	13.882.175
Afskrift ársins	<u>1.926.544</u>	<u>1.926.544</u>
Staða í árslok	<u>15.808.719</u>	<u>15.808.719</u>
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	3.313.654	3.313.654
Bókfært verð í árslok	<u>2.935.067</u>	<u>2.935.067</u>
Afskriftarhlutföll	20% - 35%	

7. Fjárfestingaverðbréf

	2022
Þekkingarnet Austurlands	75.000
Samstarfsfélag um Vísindagarðinn	100.000
Austurbrú	<u>50.000</u>
	<u>225.000</u>

Skýringar

8. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptakröfur	58.010.415	78.461.234
	<u>58.010.415</u>	<u>78.461.234</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Aðrar kröfur.....	0	780.346
	<u>0</u>	<u>780.346</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

9. Eigið fé

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	15.091.873	73.772.979	88.864.852
Hagnaður ársins		32.152.946	32.152.946
Eigið fé 1.1.2022	15.091.873	105.925.925	121.017.798
(Tap) ársins		(13.258.893)	(13.258.893)
Eigið fé 31.12.2022	15.091.873	92.667.032	107.758.905

10. Skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreiddir reikningar	4.626.488	1.023.978
Virðisaukaskattur	8.711.771	5.562.606
Ógreidd laun og launatengd gjöld	19.909.438	22.396.527
	<u>33.247.697</u>	<u>28.983.111</u>

11. Önnur mál

Náttúrustofa Austurlands gerði húsaleigusamning við Múlan Samvinnuhús ehf., skrifað var undir samninginn þann 4. desember 2020 og er hann tímabundinn til tíu ára og óuppsegjanlegur til tveggja ára. Náttúrustofa Austurlands er jafnframt með húsaleigusamning við Vísindagarðinn ehf. og er hann frá árinu 2015 og var bundinn til þriggja ára, eða til 30. apríl 2018 og framlengdist eftir það með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Sundurliðanir

	2022	2021
Rekstrartekjur - sértekjur		
Rannsóknaverkefni	66.682.924	77.667.577
Hreindýrarannsóknir	5.850.000	15.054.619
Kennsla	1.653.154	344.100
Leigutekjur	45.000	106.750
Sérfræðiþjónusta	0	585.484
Styrkir	438.000	7.198.900
	<u>74.669.078</u>	<u>100.957.430</u>
Rekstrarframlög		
Fjarðabyggð	4.229.375	4.140.000
Múlaþing	4.229.375	4.140.000
Ríkissjóður, framlag til rekstrar	28.662.500	27.600.000
Umhverfisstofnun, framlag til hreindýravöktunar	24.367.514	21.647.600
	<u>61.488.764</u>	<u>57.527.600</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun og orlof	94.399.740	78.957.199
Áunnið orlof	(1.071.525)	(210.003)
Lífeyrissjóður og stéttarfélag	13.121.879	10.852.547
Tryggingagjald	6.875.533	5.501.173
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	1.891.128	1.567.511
Slysatryggingar	233.734	242.029
Vinnufatnaður	237.438	281.123
Samgöngustyrkur starfsmanna	15.000	25.000
Annar starfsmannakostnaður	1.091.499	1.121.551
	<u>116.794.426</u>	<u>98.338.130</u>
Ferða- og dvalarkostnaður		
Dagpeningar til starfsmanna	2.374.750	1.154.750
Akstursgreiðslur til starfsmanna	754.563	373.585
Fargjöld, aðkeyptur akstur og fleira	4.127.254	2.090.732
	<u>7.256.567</u>	<u>3.619.067</u>

Sundurliðanir

	2022	2021
Húsnæðiskostnaður		
Rekstur húsnæðis í Neskaupstað	1.388.326	1.770.550
Húsaleiga í Neskaupstað	3.205.548	2.787.309
Raforka vegna húsnæðis í Neskaupstað	0	3.921
Húsaleiga á Egilsstöðum	1.322.540	1.229.460
Rekstur húsnæðis á Egilsstöðum	407.888	386.602
	<u>6.324.302</u>	<u>6.177.842</u>
Önnur rekstrargjöld		
Sími, burðargjöld og nettenging	464.271	525.235
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.160.942	2.578.576
Efni til rannsókna og ljósmyndavinna	222.116	68.208
Flutningskostnaður	102.165	472.799
Prentun, ritföng, pappír, bækur og tímarit	385.208	120.069
Tölvurekstur og kostnaður vegna heimasíðu	1.073.140	607.004
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna verkefna	2.983.028	2.668.522
Hreindýratáling úr lofti	2.869.481	3.863.372
Auglýsingar	90.501	66.300
Kaffistofa	408.347	377.558
Gjaldfærð áhöld, viðhald	4.421.625	5.069.892
Námskeiðs- og ráðstefnugjöld	174.171	393.261
Styrkir og framlög	296.000	30.000
Félags- og aðildargjöld	20.850	61.850
Þjónustugjöld banka	14.560	11.570
Flutningskostnaður á rannsóknarsýnum	163.500	147.517
Náttúrugripasafn	985.168	0
Bókasafn - rekstrarhluti landskerfis	0	137.365
Annar ósundurliðaður kostnaður	123	0
	<u>17.835.196</u>	<u>17.199.098</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>31.416.065</u>	<u>26.996.007</u>